

Ed.

234. Frumvarp til laga

[149. mál]

um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Steingrímur Aðalsteinsson.

1. gr.

B-liður 9. gr. laganna orðist svo:

Eignarauki, sem stafar af arftöku, fyrirframgreiðslu upp í arf, fallinn eða ófallinn, enda hafi erfðafjárskattur verið greiddur, af stofnun hjúskapar, útborgun lífsábyrgðar, brunabóta, barnsmeðlaga eða hvers konar bóta eða lífeyris samkvæmt lögum nr. 50 7. maí 1946.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 9. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt ræðir um ýmis tilvik eignarauka og útborgana, sem eru þess eðlis, að ekki skuli teljast til tekna í skilningi skattalaganna. Er í b-lið greinarinnar m. a. talað um „útborgun lífsábyrgðar, brunabóta, örorkubóta eða þess háttar“. Hins vegar virðist mér augljóst mál, að sama eigi í þessu efni að gilda um allar bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar og um barnsmeðlög, og felur frumvarpið í sér það eitt, að svo skuli vera.

Ég tel alveg fráleitt, að fólk, sem hefur ekki aðrar tekjur en t. d. ellilífeyri eða örorkubætur, geti þar af orðið skattskyld til ríkisins. Og ekki er það síður fráleitt, að ríkið dragi sér einhvern hlut af bótum sjúkra manna eða sárnaumum barnsmeðlögum til einstæðra mæðra.

Samkv. gildandi lögum er þetta þó svo. Þótt örorkubætur, lífeyrisgreiðslur og barnsmeðlög séu langt frá því að vera nægur framfærslueyrir viðkomandi fólks, verður samt nokkur hluti þessara bótagreiðslna skattskyldur, vegna þess að persónufrádráttur samkv. skattalögum er ekki nema lítil hluti framfærslukostnaðarins. Það er sjálfsagt réttlætismál að bæta úr þessu án frekari tafar.